



# POSTMANNABLAÐIÐ



Bréfberar í Hafnarfirði í jólaskapi, Svala Leifsdóttir og Ástríður Guðrún Torfadóttir.

## Jólaball póstmanna

Jólaball póstmanna verður haldið laugardaginn 3. janúar kl. 14:00 í Akogessalnum, Sóltúni 3 í Reykjavík. Þar verður dansað í kringum jólatréð, jólasveinninn kemur í heimsókn með glöðning fyrir börnin og allir fá veitingar. Jólaballid er í boði Íslandspósts, starfsmannafélagsins og Póstmannafélagsins en fólk er bedið að skrá þáttöku sína fyrir 19. desember á eyðublöðum sem dreift verður á vinnustöðum. Einnig verður hægt að skrá sig á skrifstofu Póstmannafélagsins í síma 525 8370.



## MEÐAL EFNIS:

### Breytir tímar

Puríður Einarsdóttir, formaður PFÍ, skrifar um breytta tíma í pósthjónustunni og spyr hvort fólk sé ánægt með nýbreytnina.

Sjá bls. 2

### Samstarf og virkni

Örn Ingólfsson segir frá áhugaverðu trúnaðarmannanámskeiði sem haldið var í haust.

Sjá bls. 3

### Hún er voða sæt!

Skemmtileg frásögn Berglindar D. Steinadóttur á Húsavík sem ættleiddi barn frá Kína og rekur ferðasöguna í máli og myndum.

Sjá bls. 6-7

### Góð fiskisúpa

Á jólaföstunni er gott að gæða sér á fiskmetinu og við birtum uppskrift að gómsætri fiskisúpu frá Jónasínu Skarp-héðinsdóttur.

Sjá bls. 9

### Hvernig á að reikna veikindadagana?

Í þættinum Spurt og svarað er ljósi varpað á útreikninga veikindadaga, réttindi og skyldur póstmanna í þeim málum.

Sjá bls. 11

### Úr póstpokanum

Nýr þáttur, Úr póstpokanum, hefur göngu sína en þar verður brugðið upp myndum frá liðinni tíð.

Sjá bls. 12

# Breyttir tímar í póstafrgreiðslunni

Mörg okkar, einkum við sem alin Merum upp í og í nágrenni við minni bæjarfélögin hér á landi, munum hve sterk ímynd afgreiðslustaða Pósts og síma var í samfélaginu. Stöðvarstjórinn var einn af mektarmönnum bæjarins og var talinn með bæjarstjóranum, sýslumanninum, lyfsalanum og sparisjóðsstjóranum. Gott ef eiginkonurnar röðuðu sér ekki líka í saumaklúbba eftir „virðingarstiga“ eiginmannanna. Ef meðalflónin, sem stunduðu hin hefðbundnu störf, áttu erindi við þessa heiðursmenn þá þurfti annað hvort að panta tíma eða horfa á rauðu, gulu og grænu ljósin við dyr skrifstofunnar og bíða þess að græna ljósið kviknaði svo hægt væri að bera upp erindið. Þetta þótti ekki tiltökumál enda litið svo á að þessir menn væru í fullum rétti til að vera í dálitlum flilabeinsturni.

Á þessum tímum fórum við líka á pósthús, póstlögðum okkar póst, sóttum sendingar, tæmdum pósthólið, leystum út póströfur og greiddum reikningana í leiðinni. Við afgreiðslu var að mestu sama fólk og á mörgum stöðum þótti það nokkuð gott að fá vinnu á póst- og símsstöðinni og eftirsóknarverðara en að vinna í kaupfélaginu, í næsta stórmarkaði eða hjá kaupmanninum á horninu. Þeir sem þessi störf unnu áttu líka kost á að fara í Póst- og símaskólann og sérhæfa sig í póststörfum.

En tímarnir hafa breyst á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum í okkar þjóðfélagi. Að sjálfsögðu máttu viðhorf manna breytast til þeirra sem gengdu yfirmannastöðum í póstpöjónustunni en er ekki dálítið langt gengið í breytingum? Nú má sjá sama manninn í stórmarkaðnum og á bensínstöðinni afgreiða póst, vikta kjóthakk, fylla á mjólkurkælinn, afgreiða bensín og



**Þuríður Einarsdóttir, formaður PFÍ, skrifar.**

olíur og selja tóbak. Póststörfin felast svo til eingöngu í því að taka við pósti til póstlagningar og afhenda það sem ekki hefur verið hægt að afhenda í útkeyrslu deginum áður.

Hvað finnst okkur sem starfsmönnum, viðskiptavinum og neytendum um þessar breytingar? Er okkur ekki svolítið sárt um störfin sem horfin eru frá okkur, sumir hafa þurft að sætta sig við önnur störf og aðra vinnustaði og jafnvel mátt þakka fyrir að hafa vinnu. Aðrir hafa farið á eftirlaun fyrir en ætlað var og enn aðrir hafa forðað sér á annan vettvang áður en til atvinnumissis kom. Þykir okkur sem starfsmönnum að störfin sem við lögðum metnað okkar í að sinna af kostgæfni séu metin að verðleikum? Þykir okkur sem neytendum að með póstafrgreiðslum í hornum stórmarkaða sé póstpöjónusta við hinn almenna borgara í landinu ekki lengur á forgangslista þeirra sem einkaleyfi hafa til að veita þessa þjónustu? Finnst okkur eðlilegt að þeir geti bara fengið einhverja aðra til að sinna því um leið og öllu öðru sem þeir hafa á sinni könnu? Svari hver fyrir sig.

Þrátt fyrir þessar breytingar eru nefnilega ennþá störf í póstpöjónustunni sem þarf að vinna af kostgæfni og um meðferð póstsendinga gilda ákveðnar reglur. Þeir sem vinna póst-

störf þurfa líka að hafa kunnáttu á sínum störfum og virða sérstöðu póstsendinganna umfram kjóthakkið, með fullri virðingu fyrir öllum þeim öðrum störfum sem þarf að sinna á hinum „nýju“ póstafrgreiðslustöðum. Okkur er ekki sama hvernig farið er með ábyrgðarbréfin okkar og hvort jólapakkinn frá henni ömmu kemst til skila óskemmdur og við ætlumst til þess að þeir sem afgreiða okkur kunniskil á gjaldskrá og viti hvert gildi frímerkja, öryggis og ábyrgðar er.

Til er saga um viðskiptavininn sem kom í póstafrgreiðsluna í stórmarkaðinum og bað um frímerki til Danmerkur. Unglingurinn sem afgreiddi, fletti frímerkjamöppunni vandlega en sagðist því miður ekkert frímerki eiga til Danmerkur. Þau væru öll merkt Íslandi en hér væri þó eitt merkt Evrópu, hvort hann gæti notað það! Danmörk væri jú í Evrópu. Önnur er um viðskiptavininn sem kom á svipaðar slóðir með bréf og kvaðst vilja senda það í ábyrgð. „Nú, þá sendir þú það bara í ábyrgð“ sagði afgreiðslumaðurinn og gerði sig ekki líklegan til að gera neitt fleira í því máli.

Nú líður að jólum og þá eykst að venju álag á póstpöjónustuna. Álagið eykst líka í stórmörkuðunum. Því aukna vinnuálagi er venjulega mætt með viðbótarstarfskröftum sem sóttir eru til nemenda í framhaldsskólum. Sem betur fer eru það oft sama fólk sem kemur til aðstoðar ár eftir ár og kann því vel til verka og nýtur þess að geta unnið sér inn tekjur í jólafríi. En þessum einstaklingum þarf að vera ljós sú ábyrgð sem felst í því að meðhöndla póstsendingar og þeir sem ráða fólk til þessara starfa verða líka að gæta þess að starfsmenn fái nægjanlega fræðslu um þau störf sem þeir eiga að sinna.



2. TBL 34. ARG. DESEMBER 2003

**PÓSTMANNABLAÐIÐ**

**Útgefandi:** Póstmannafélagið, Grettisgötu 89, Reykjavík  
Sími: 525 8370, fax: 525 8379  
Netfang: pfi@bsrb.is Veffang: www.pfi.is  
**Ábyrgðarmaður:** Þuríður Einarsdóttir  
**Ritstjóri:** Jón Sigurðsson

**Ritnefnd:** Elínbjörg Kristjánsdóttir, María Magnúsdóttir, Reynir Stefánsson og Örn Ingólfsson  
**Umsjón og umbrot:** Athygli ehf.  
**Prentun:** Gutenberg





Getur Gréta treyst formanni og varaformanni? Frá námskeiðinu á Klambratúni.

Af trúnaðarmannanámskeiði:

# Hlutverk, samstarf og virkni innan PFÍ

Þar sem ég er í ritnefnd blaðsins okkar, þá var ég beðinn að skrifa um mjög gott námskeið sem trúnaðarmenn, alls staðar að af landinu, fóru á 16. og 17. september sl. Þetta námskeið gagnast vonandi vel öllum trúnaðarmönnum í starfi en það var haldið af fyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf til fyrirtækja og félagasamtaka eins og okkar.

## Að finna hrokagikkina

Námskeiðið hét Hlutverk, samstarf og virkni innan PFÍ. Þar var farið yfir hvað megi betur fara í samskiptum trúnaðarmanna og stjórnar félagsins, skilja betur vinnuaðferðir o.s.frv. Námskeiðið byrjaði á því að Pétur Guðjónsson frá GCC kynnti inngang og ramma námskeiðsins. Þetta var virkilega skemmtilegt og fræðandi en þar var talað um samskipti og samskiptaáferðir sem eru að sjálf-sögðu mismunandi. Einn getur átt góð samskipti meðan hinn er með stæla og hroka sem aftur á móti leiðir til lélegs anda á vinnustað. Þá kemur að því að reyna að átta sig á því hvernig og hvort ekki sé hægt að lagfæra samskiptin með því að athuga hegðun og reyna að læra á hana hjá hinum aðilanum.

Pétur Guðjónsson flokkaði mann-gerðirnar í eftirfarandi hópa:

- Innsýnn: Hugsjónamaður með ríkt ímyndunarafli, víðsýni, framsýni og innsæi.
- Huglægur: Hógvær, rannsakar og skilgreinir hlutina, raðar niður og sannar á rökrænan hátt.
- Tilfinningalegur: Næmur, viðkvæmur, hlýr, kraftmikill, tryggur, lætur sér annat um fólk og er góður í hópstarfi.
- Skynjari: Staðfastur, skynsamur, ákveðinn, á auðvelt með að sjá aðalatriðin og vill framkvæma hlutina strax.

Þarna var farið ofan í þessi mál og kom margt skemmtilegt út úr því. Þátttakendur tóku próf til að finna út hver þessara mannlýsinga ættu við hvern og einn og hvernig viðkomandi væri í samskiptum gagnvart öðrum. Ég persónulega kom út úr þessu prófi með flest stig sem huglægur, síðan tilfinningalegur, þá skynjari og loks með fæst stigin sem innsýnn. Verð ég að segja að ég var sjálfur nokkuð sáttur við niðurstöðuna en læt aðra um að dæma hvort það er rétt mat.

## Hvert stefnir félagið?

Þá voru umræður um viðhorf þátttakenda gagnvart félaginu okkar; hvað mætti betur fara, hvert félagið stefndi, hvað gerum við vel og hvaða breytinga

er þörf innan félagsins. Voru settir á vinnuhópar og verður unnið úr samantektum vinnuhópanna síðar.

Eftir þetta var farið út á Klambratún (Miklatún) í teymisæfingar til að sjá hversu vel þátttakendur treystu hverjir öðrum. Var það gert þannig að tveir héldu höndum saman, sá þriðji lét sig falla aftur á bak í hendur hinna en sá sem lét sig falla varð að treysta því að hinir tveir tækju við honum. Gekkk það vel en þó með svolitlum annmörkum og var hlegið dátt á meðan. Þá var bundið fyrir augu fólks, því snúið í nokkra hringi og það látið ganga eftir ákveðinni gönguleið. Áttu hinir þátttakendurnir að leiðbeina þeim á rétta braut og var mikið gaman að sjá árangurinn af þessu. Það var slagað og beygt í báðar áttir með tilheyrandi skemmtun fyrir hina. Allir þátttakendur fóru sáttir af þessari teymisæfingu og vonandi hefur þetta gert gott. Að minnsta kosti hafði ég gott af þessu. Og svo kynnist maður öðrum trúnaðarmönnum betur.

Þá var á námskeiðinu rætt um stefnumótun PFÍ. Lagði framkvæmdastjórnin fram innlegg í umræðuna sem vonandi verður birt fljótlega og spunnust góðar umræður um þessi mál. Loks voru samantektir námskeiðsins, niðurstöður og áform krufin og var það mjög gott. Með því lauk námskeiðinu.

## Verum stolt af starfinu

Samskipti manna á milli og framkoma mætti oft vera betri og því hef ég kynnst í mínu starfi sem trúnaðarmaður, en þó sem betur fer í litlum mæli. Aðrir félagar okkar hafa mætt miklum hroka og leiðinlegum samskiptum sem ég veit að hefur flæmt margt gott fólk úr okkar röðum. Núna er ástandið vonandi eitthvað að skána og eru m.a. haldin námskeið fyrir stjórnendur til að taka á þessum málum. Við skulum því líta fram á veginn og hugsa með okkur að batnandi manni er best að lifa. Hef ég raunar séð breytingar til hins betra hjá sumum hrokagikkjunum! Ég læt þessu lokið og sendi ykkur, kæru félagsmenn, póstmannaakveðju. Verum öll stolt af starfinu okkar og ekki vera feimin að skrifa í blaðið okkar.

Örn Ingólfsson trúnaðarmaður,  
Íslandspósti, Stórhöfða 32.



40. þing BSRB:

## Krafa um 150.000 króna lágmarkslaun

Þing BSRB, það fertugasta í röðinni, var haldið dagana 22.-24. október síðastliðinn. Póstmannfélagið átti þar 12 af 216 þingfulltrúum en félagið er hið fjórða fjölmennasta innan bandalagsins. Að þessu sinni var Jón Ingi Cæsarsson, ritari stjórnar PFÍ, einn af forsetum þingsins, en það er töluverð ábyrgð og virðing að gegna því embætti á svo stóru þingi. Þingfulltrúar PFÍ sátu í fjór- um af nefndum þingsins og var Þuríður Einarsdóttir formaður og talsmaður starfskjaranefndar.

Hlutverk þings BSRB breyttist töluvert með lagabreytingu sem gerð var á 39. þingi bandalagsins árið 2000. Með þeirri breytingu tók árlegur aðalfundur við nokkrum af þeim verkefnum sem sem áður voru unnin á þingum. Þar má nefna kosningu í nefndir og afgreiðslu reikninga. Nú eru kosnir formaður, tveir varaformenn, gjaldkeri og ritari sem síðan mynda framkvæmdastjórn bandalagsins. Stjórnin er að öðru leyti skipuð formönnum aðildarfélaganna.

Hlutverk bandalagsþings er að móta stefnu og leggja línur fyrir næstu þrjú starfsár eða fram að næsta þingi. Það



Á þingi BSRB var m.a. rætt um nauðsyn bættra kjara og mótmælt áformum stjórnvalda um skerðingu atvinnuleysisbóta. Fremst á myndinni eru þær Þuríður Einarsdóttir, formaður PFÍ og Sigríður A. Sigurðardóttir, trúnaðarmaður á Grensásvegi.

sem mesta athygli vakti þó hjá fjölmiðlum að þessu sinni var samþykkt þingsins um að stefna bæri að 150 þúsund króna lágmarkslaunum í næstu kjarasamningum. Þar fyrir utan var samþykktur fjöldi ályktana um t.d. mannréttindamál, persónuvernd, húsnæðismál, vinnuverndarmál, jafnréttismál, skipulag almannaþjónustunnar, fræðslumál, starfsöryggi, hnattvæðingu og stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Boðuð var ný skattastefna BSRB um endurbætur og einföldun skattkerfisins. Þá var mótmælt áformum um skerðingu atvinnuleysisbóta og hvatt til aðhalds til verndar starfsmönnum sem vinna hjá stórverktökum, hvort sem um innlenda eða erlenda aðila er að ræða. Áður hafði BSRB lýst stuðningi við baráttu verkalyðshreyfingarinnar fyrir því að farið verði að gerðum kjarasamningum og

settum reglum um aðbúnað við Kárahnjúka.

BSRB hefur ætíð tekið fullan þátt í þjóðfélagsumræðunni og mótað sér stefnu í þeim málum sem einkum snerta félagsmenn aðildarfélaganna en ekki síður alla þá sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Í ályktunum og stefnumótun bandalagsþingsins má sjá að á því hefur ekki orðið nein breyting.

Að venju var menningunni sinnt en við þingsetninguna söng Ólafur Kjartan Sigurðarson óperusöngvari. Að kvöldi annars þingdags var fluttur einþáttungurinn Fjola á ströndinni en það leikrit fjallar um einelti og er boðskapur þess að við eigum ekki að horfa aðgerðarlaus á samborgara okkar lagða í einelti.

Ögmundur Jónasson var endurkjörinn formaður BSRB með lófataki til næstu þriggja ára. - KE.

## Ferðapeningar bréfbera

Fram hafa komið hugmyndir hjá ráðamönnum Íslandspósts um breytt fyrirkomulag á greiðslu ferðapeninga til bréfbera. Hugmyndir eru uppi um að greiða svokallað kílómetragjald og er því reiknað með að þessir starfsmenn leggi til bifreiðar vegna starfa sinna. Það er viðurkennt að vinnuveitanda ber að sjá starfsmönnum fyrir ferðum vegna vinnu sinnar og hefur víðast hvar verið miðað við fargjöld almenningsvagna. Greiðsla fyrir akstur eigin bifreiða er hluti af kjörum starfsmanna og því hlýtur stéttarfélag starfsmanna að

eiga koma að samningum þar um. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir útfærsla þessara hugmynda en ljóst er að með þessu munu bréfberahverfin verða stækkuð sem nemur þeim tíma sem sparast við að menn noti eigin bifreiðar.

Póstmannfélagið vill benda félagsmönnum á að ekki er hægt að krefjast þess að starfsmenn leggi til bifreiðar sínar nema með þeirra samþykki. Jafnframt skal bent á að geiðslur fyrir ekna kílómetra í starfi eru framtalskyldar og gilda um það ákveðnar reglur. Því skyldu allir, sem hug hafa á



að nýta bifreiðar sínar í vinnu og fá fyrir það greiðslur, skoða málið frá öllum hliðum.



*Þuríður Einarsdóttir, formaður PFÍ, fundar með starfsfólki á Grensásvegi.*

## Formaðurinn sýnir sig!

Sagt frá fundaherferð stjórnar PFÍ en í haust voru vinnustaðir póstmanna á höfuðborgarsvæðinu heimsóttir

Í nóvember hélt formaður Póstmannafélagsins fundi með félagsmönnum á stærstu vinnustöðunum á höfuðborgarsvæðinu. Með formanni á fundunum voru aðrir stjórnarmenn eftir því sem aðstæður gáfu tilefni til. Fundir þessir voru haldnir í framhaldi af morgunverðarfundum sem haldnir voru í maí sl. og námskeiði fyrir trúnaðarmenn sem haldið var í september en þar kom fram viss gagnrýni á það hversu lítið sýnilegur formaður og aðrir stjórnarmenn félagsins væru.

Reynt var að skipuleggja fundina þannig að sem flestir félagsmenn ættu kost á að mæta og þannig að ekki yrði truflun á starfsemi á vinnustöðunum. Farið var stuttlega yfir sögu Póstmannafélagsins og þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarin 6-7 ár með hlutfélagavæðingu og tengingu við samtök opinberra starfsmanna. Þá var skýrt frá hvað það gefur að vera félagsmaður í stéttarfélagi og bent á hvað áunnist hefur á undanförunum áratugum í kjara og réttindamálum með samstöðu launafólks. Síðan var farið yfir þjónustu sem félagið veitir, sjóði þess og einnig framboð á orlofshúsum. Að lokum voru umræður þar sem félagsmenn báru fram spurningar sem reynt var að svara eftir bestu getu.

Að sjálfsögðu bar launamálin hæst á

öllum fundunum. Þar er greinilega verk að vinna en eitt félag eins og Póstmannafélagið á erfitt með að fara út fyrir þann ramma sem oft virðist vera mótaður í kjarasamningum á vinnumarkaði. Ef til vill erum við ennþá að súpa seiðið af því sem gerðist í kjarasamningunum 1997 þegar ráðamenn Pósts og síma hf. höfðu ekki kjark til að standa við stóru orðin um að hlutfélagavæðing Póst- og símamálastofnunarinnar myndi færa starfsmönnum miklar kjarabætur, jafnvel svo skipti tugum prósentu. Einnig var á fundunum rætt um aðstæður á vinnustöðum svo sem mikið vinnuálag og fleira sem brennur á mönnum í hinu daglega amstri.

Svona fundir eru alltaf af hinu góða fyrir báða aðila og vonandi verður hægt að hafa fundi sem fyrst með þeim sem ekki áttu kost á að sækja þessa fundi og er landsbyggðin næst á dagskrá. Þá er áætlað að halda að minnsta kosti einn almennan félagsfund með vorinu auk þess sem trúnaðarmenn verða kallaðir til funda í minni hópum til upplýsinga og umræðu.

Að sjálfsögðu er skrifstofa félagsins alltaf opin félagsmönnum ef þeir vilja leita aðstoðar eða upplýsinga um þá þjónustu sem þar er veitt.



## Finndu jólin í hjartanu

Flestir eru sammála um að besta jólagjöfin sem þeir hafi fengið hafi verið þegar þeir gátu gefið af sér til þeirra sem minna máttu sín, glatt döpur hjörту, lagt fátækum lið, beðið fyrir eða hjálpað veikum. Það er einmitt þetta sem jólin snúast um. Jólin eru ljós og kærleikur. Jólin eru bestí tímínn til þess að gera góðverk, biðja fyrir náunganum og sjálfum sér, og hjálpa öllum þeim sem þess þurfa. Bænin er sterk allan ársins hring, en í kringum jól er hún samt sérstaklega sterk vegna þess hvernig andrúmsloftið er. Allir eru móttækilegur og farvegur bænarinnar er greiðfærari, vegna þess að almenningur er jákvæðari. Nýtum þessar aðstæður, látum okkur líða vel og gerum góðverk. Hjálpum til þar sem þörf er á, biðjum fyrir sjúkum og þeim sem eiga bág, tókum utan um vini okkar, látum kærleikann flæða hindrunarlaust um brjóst okkar og framkvæmum það góða sem þar býr. Það þarf ekki alltaf að vera stórt, og jafnvel því minna sem okkur finnst það vera því áhrifaríkara er það. Góðar heimsóknir, þar sem fólk gefur sér tíma til að stoppa og spjalla og síðast en ekki síst að hlusta, er betra heldur en nokkur keypt gjóf. Þetta er það sem jólin snúast um: Kærleikur, að allir séu vinir og að við getum lagt öðrum lið. Láttu verða af því um þessi jól að gera eitthvað gott sem býr í brjósti þér og finndu jólin í hjarta þínu því þar eru jólin.

Jólavefur Júlía 2003.





Nýi Íslendingurinn kominn heim til pabba og mömmu á Húsavík.

stofnunar að skoða heimilið (þínu stressandi), en hún Þuríður var bara rosa fín og ekkert mál að fá hana í heimsókn. Heimsóttum við Þuríði líka fjórum sinnum á hennar skrifstofu til að ganga frá formsatriðum. Barnaverndarnefnd fór svo í málið, eftir að Þuríður var búin að gera skýrslu um okkur, fundaði og ákvað að samþykkja okkur sem foreldra. Það var hellings gleði og mikill léttir. Skjölin voru síðan send til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fengum við hið svokallaða forsamþykki sem gildir í tvö ár. Það eru nú ekki allir sem eiga pappíra frá barnaverndarnefnd og dóms- og kirkjumálaráðuneyti þess efnis og þeir séu hæfir foreldrar!

### **SARS og hreiðurgerð**

Nú hófst biðin á ný. Oftar en ekki gleymdi maður sér í dagdraumum og hugurinn var í Kína. Þrír mánuðir liðu. Hjúkk, ekki nein athugasemd frá Kínverjum. Þá var að bíða aðra þrjá og

# „Hún er voða sæt en er þínu hissa á svipinn!“

Berglind Dagný Steinadóttir, trúnaðarmaður PFÍ á Húsavík, segir frá ættleiðingu dóttur sinnar og eiginmannsins, Ingólfs Jónssonar

Í lok september 2001 tókum við lækvörðun um að ættleiða barn. Næst var að því komið að hafa samband við Guðrúnu hjá Íslenskri ættleiðingu til að sækja um að fá ættleitt barn. Það vaðist nú þínu fyrir okkur frá hvaða landi við ættum að sækja um, því okkur var í raun sama frá hvaða landi barnið okkar myndi koma. Kína varð þó fyrir valinu, þar sem okkur fannst sá möguleiki spennandi og var nýbúið að opna fyrir ættleiðingar til Íslands frá Kína. Fyrsti hópurinn var úti og freistaði það okkar svo mikið þegar við sáum myndir af litlu mandarínunum sem voru að koma heim, að við slógum til.

Þá var komið að því að segja okkar nánasta fólki frá þessari frábæru ákvörðun okkar og vægt til orða tekið voru viðbrögðin æðisleg. Allir voru svo ánægðir fyrir okkar hönd og sumir

búnir að spá hvort við myndum ekki athuga með ættleiðingu en ekki þorað að segja neitt við okkur. Sumir táfelldu af gleði og við upplifðum þetta eins og við hefðum verið að tilkynna þungun. Yndisleg stund.

### **Pappírsvinnan**

Jæja, þá var hafist handa við undirbúning sem virtist í fyrstu vera svo hrikalega flókinn að við héldum að við myndum aldrei skilja neitt í neinu en við komumst nú samt í gegnum allt pappírslóðið. Við pöntuðum sakavottorð, afrit af skattaskýrslu, atvinnuvottorð, fórum í lækni skoðun frá toppi til táar, blóðprufur voru teknar og meira að segja þurfti að taka fram hvernig sjónin væri á hægra auga og því vinstra!

Síðan kom starfsmaður félagsmála-

gekk það vel. Síðan fóru að koma fréttir frá Asíu um veiki sem valdi bráðalungnabólgu. Í fyrstu vorum við ekkert sérlega svartsýn, héldum fast í að landinu yrði ekki lokað og það fyndist eitthvað fljótlega á okkar tæknivæddu öld. Við vorum auðvitað dauðskelkuð og kom fyrir að við hugsuðum: „Af hverju skellur plága á mannkynið, loks þegar röðin er að koma að okkur?“ En svona getur maður ekki hugsað, nema maður vilji fara yfir um á taugum, svo við reyndum eftir bestu getu að hugsa jákvætt og halda í vonina. Dagarnir voru misjafnir og gekk misvel að vera hress og jákvæður. Fórum við inn á www.mbl.is c.a. 10 sinnum á dag til að fylgjast með flensunni og fögnuðum við hverjum degi sem góðar fréttir komu frá Kína. Síðan komu loks frábærar fréttir: WHO, Alþjóða heilbrigðisstofn-

unin, afturkallaði ferðabann til Kína. HÚRRA! Það var ekki hægt að segja annað en að hjartað hafi tekið góðan kipp og við brosað allan hringinn og þá fyrst fundum við hvað í raun við hefðum verið hrædd við flensuna og áhyggjur um að við myndum verða illa úti með ættleiðinguna.


### Símtalið langbráða

Fimmtudaginn 7. ágúst 2003 vorum við orðin frekar spennnt og biðin alveg að fara með okkur. Við tippluðum á tánum hér heima og horfðum á símann til skiptis og loks hringir síminn! Ingólfur svaraði og svipnum á honum get ég ekki lýst en gleymi aldrei. Hann benti mér á að koma, kinkaði kolli og brosti. Ég vissi hver væri í símanum og skynjaði að nú væru komnar góðar fréttir. Ég fór að hágráta og ráfaði um íbúðina. Ingólfur reyndi að halda einbeitingu meðan Guðrún hjá Íslenskri ættleiðingu sagði honum að við ættum orðið litla dóttir, Dong Jiang, fædd 28. október 2002! Og svo sagði Guðrún: „Hún er voða sæt með bollukinnar og er pínu hissa á svipinn!“

Við trúðum þessu ekki eftir öll þessi ár! Ótrúlegt en satt. Nú var svo komið að því að tilkynna þessa frétt sem allir voru að bíða eftir með okkur og auðvitað varð ég að hringja í mömmu og pabba en mundi ekki símanúmerið hjá þeim! Þvílík var geðshræringin. Ína, yfirmaður minn á Húsavík, sýndi okkur mikinn skilning og leyfði mér að taka mér sumarfrí daginn eftir þessar miklu upplýsingar og kannski bara eins gott þar sem ég hefði örugglega sent öll bréf og böggla til Kína þar sem hugurinn var!

### Ferðalagið

Lagt var af stað til Kína 18. september sl. og lentum við þar daginn eftir, nákvæmlega ári eftir að pappírar okkar voru staðfestir þar. Við trúðum því ekki að við værum að fara til Kína og hvað þá að sækja barnið okkar, en ég var jú með flugmiða í hendinni svo þetta hlaut að vera rétt. Flugði til Kína frá Kaupmannahöfn tók rúma 9 tíma. Skríttin tilfinning var að vera komin til Kína og loftslagið mjög undarlegt, fannst okkur. Mikill raki var og hitinn óþolandi. Eftir nokkra dvöl í Peking og heimsókn upp á Kínamúrinn, flugum



*Nýja fjölskyldan í Kína með háhýsi milljarðasamfélagsins í baksýn.*

við til Chongqing og fengum dóttir okkar í fangið daginn eftir.

Á barnaheimilinu voru um 150 börn og aðeins 15 fóstrur en þær voru ekki allar á vakt í einu. Börnin voru þrífaleg og vel nærð en það var ekki mikið meira hægt að gera fyrir þau vegna þess hve fáir voru að vinna. Þau lágu meira og minna í rúminu sínu allan sólarhringinn. Við fengum að fara á barnaheimilið til að sækja börnin og þurftum við að fara með rútu í tæpa fjóra tíma til að komast þangað. Sú ferð var erfið og ekki síst fyrir börnin þar sem þau höfðu ekki áður komið út af barnaheimilinu og hvað þá farið í bíl. Við hugsuðum ekki mikið um það í raun, það var svo gott að vera loks komin með stelpuna í fangið að maður brosti bara allan hringinn af hamingju. Hún var ekkert nema æðruleysið, kúrði stax í hálsakotið á mömmu sinni og sofnaði fljótlega og svaf vært, greinilega búin að þrá þetta lengi eins og mamma sín. Það var eins og hún hefði alltaf þekkt okkur, hún tók okkur svo vel, hjalaði og brosti fyrsta daginn.

Hitinn í Chongqing var 33 til 35° í forsælu og rakinn um 70 til 85% svo fyrir Íslending, sem þekkir ekki svona hita og loftslag, var mjög erfitt að at-

hafna sig. Það búa rétt rúmlega 32 milljónir í þeirri borg svo það var ekki nema von að við frá litla landinu í vestri þættum þetta allt mikið og stórt. Við vöktum mikla athygli hvar sem við komum og greinilegt að Kínverjar eru ekki vanir vestrænu fólki með kínversk börn. Við fórum að sjálfsögðu í dýrargarðinn að sjá pandabirni en svæðið kringum Chongqing er kjörlendi þeirra. Það var mikil upplifun. Ég er ekki hissa þó að þeir séu í útrýmingarhættu því hver nennir að eðla sig, klæddur í feld í 35° hita! Við ferðuðumst mikið og vorum í raun á hverjum degi í skoðunarferðum, líka eftir að við fengum börnin. Landið er framandi, þarna er allt það flottasta og líka mikil fátækt. Kína er einstakt, fólkið yndislegt og vinalegt.

### Ferðin heim

Heimferðin tók 27 klukkustundir og Hjördís Dong stóð sig eins og hetja á ferðalaginu. Heim. Við vorum öll mjög þreytt þegar til Íslands var komið en ofboðslega var gott að heyra: „Góðir farþegar, velkomin heim.“ Ferðalag í átta flugvélum var að baki: Akureyri - Reykjavík - Keflavík - Köben - Beijing - Chongqing - Beijing - Köben - Ísland Reykjavík - Akureyri.

Í dag er eins og Hjördís Dong hafi alltaf verið hjá okkur. Hún hefur tekið miklum framförum frá því að hún kom til okkar. Þegar við fengum hana gat hún ekki setið sjálf, hvað þá staðið eða skriðið. Nú skriður hún um allt og er farin að standa með, má ekki heyra tónlist öðru vísi en dansa og hún vinkar í alla, sama hvort fólkið er að koma eða fara! Hún sýnir okkur óspart hvað hún er orðin stór stelpa og klappar svo fyrir sjálfri sér. Hún sýnir okkur eitt-hvað nýtt á hverjum degi, dafnar vel, borðar allan mat og er búin að bæta við sig tveimur cm og tæpum tveimur kílóum frá því hún kom heim.

Hjördís er óskabarn og erum við mjög stolt að hafa fengið að verða foreldrar hennar. Við eigum eftir að fara aftur til Kína og jafnvel til að sækja annað barn, hver veit! Í dag erum við að undirbúa jólin og erum þakklát og ánægð með okkar hlutskipti. Við sendum okkar bestu kveðjur frá Húsavík og segjum bara að lokum: Gleðileg jól til ykkar!



# Góð nýting á orlofshúsum PFÍ

Er ekki upplagt að festa sér í orlofsíbúð í Reykjavík eða á Akureyri í vetur?

Nýting orlofshúsa og íbúða Póstmannfélagsins var góð síðastliðið sumar. Að lokinni hefðbundinni úthlutun í byrjun maí voru nokkrar vikur lausar en starfsmenn skrifstofu félagsins voru duglegir við að láta vita hvar og hvenær væri laust og hvetja menn til að nýta sér það. Að lokum voru því aðeins örfáar vikur sem ekki leigðust og í einhverjum tilfellum var ekki hægt að verða við óskum umsækjenda.

Rekstur orlofshúsanna byggist að

hluta til á því að nýting sé góð en þannig skapast tekjur til viðhalds og endurnýjunar. Nú stefnir í það að með vorinu verði búið að setja upp heita potta við húsin í Munaðarnesi með lagningu hitaveitu um svæðið. Þar með rætist langþráður draumur um að orlofsbyggðin í Munaðarnesi uppfylli kröfur nútímans.

Töluvert er um að þeir sem dvelja í húsum félagsins geri athugasemdir við búnað og ástand húsanna. Að sjálf-



Orlofsíbúðir PFÍ og húsin í Munaðarnesi eru leigð út allt árið.

sögu á þá strax að láta umsjónarmenn vita ef eitthvað hefur farið úr skeiðis. Á það skal þó bent að stöðugt er unnið að viðhaldi og endurnýjun í húsunum en það takmarkast við það fjármagn sem til er hverju sinni. Því miður ber líka stundum á slæmri umgengni í orlofshúsum og íbúðum félagsins og einnig hafa horfið hlutir sem þar hafa verið, bæði til aukinna þæginda og til að gera húsin vistlegri og eins hlutir sem nauðsynlegir eru fyrir dvalargesti svo sem sængur og koddar. Þessi atriði valda leiðindum og auka rekstarkostnað sem síðan leiðir til þess að minna fjármagn er til viðhalds og endurnýjunar. Verum þess minnug að húsin og íbúðirnar eru í eigu félagsins okkar og við skulum því ganga um þau sem slík og skilja við þau eins og sagt er fyrir í leigusamningum og eins og við viljum koma að þeim sjálf.

Að lokum viljum við minna á íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík en þær eru leigðar út allt árið. Hvernig væri að skella sér í bæjarferð á þessa staði, dvelja í notalegum íbúðum fyrir sanngjarna leigu, kíkja á menninguna eða fara á skíði á Akureyri (vonandi verður snjór í vetur)? Auk þess er tilvalið að dvelja í íbúðum félagsins ef menn þurfa að vera fjarri heimabyggð um tíma, t.d. vegna lækniþjónustu.

Húsin í Munaðarnesi eru einnig leigð allt árið, utan orlofstíma eru þau leigð út af skrifstofu BSRB. Félagsmenn í aðildarfélögum bandalagsins greiða lægri leigu og ganga fyrir um leigu umfram utanfélagsmenn. Nánari upplýsingar í síma 525 8300.

## Launatafla 1. janúar 2004

	þrep 1	þrep 2	þrep 3	þrep 4	þrep 5	þrep 6	þrep 7
5	91.112	93.956	96.916	100.074	103.371	106.802	110.366
6	93.245	96.178	99.279	102.547	105.944	109.477	113.153
7	95.443	98.493	101.727	105.093	108.596	112.231	116.021
8	97.717	100.922	104.255	107.715	111.323	115.076	118.971
9	100.122	103.419	106.853	110.423	114.135	117.998	122.011
10	102.596	105.996	109.529	113.208	117.031	121.009	125.152
11	105.142	108.645	112.286	116.076	120.015	124.110	128.462
12	107.769	111.378	115.130	119.030	123.085	127.367	131.871
13	110.473	114.188	118.049	122.068	126.288	130.743	135.378
14	113.263	117.088	121.058	125.212	129.631	134.223	138.995
15	116.129	120.073	124.171	128.525	133.069	137.802	142.720
16	119.088	123.146	127.431	131.936	136.619	141.492	146.555
17	122.130	126.349	130.814	135.448	140.275	145.287	150.508
18	125.278	129.693	134.288	139.065	144.033	149.202	154.574
19	128.592	133.141	137.870	142.794	147.909	153.231	158.768
20	132.004	136.690	141.564	146.631	151.902	157.383	163.085
21	135.520	140.345	145.363	150.582	159.211	161.659	167.527
22	139.140	144.110	149.278	154.656	160.248	166.069	172.113
23	142.868	147.987	153.313	158.851	164.607	170.600	176.828
24	146.440	151.688	157.147	162.822	168.721	174.864	181.249
25	150.101	155.481	161.074	166.893	172.940	179.236	185.781
26	153.854	159.367	165.102	171.064	177.264	183.717	190.425

Hver launaflokkur skiptist í 7 launþrep sem miðuð eru við starfsaldur sem hér segir:

- |                                  |                                    |
|----------------------------------|------------------------------------|
| 1. þrep byrjunarlaun             | 2. þrep eftir 3 mánaða starfsaldur |
| 3. þrep eftir 1 árs starfsaldur  | 4. þrep eftir 3 ára starfsaldur    |
| 5. þrep eftir 6 ára starfsaldur  | 6. þrep eftir 9 ára starfsaldur    |
| 7. þrep eftir 12 ára starfsaldur |                                    |



# „Hvað á ég að gera við þetta?“

Jónasína Sigrún Skarphéðinsdóttir, sem í daglegu tali er kölluð Ína, segir frá minnisstæðum atvikum



Jónasína Sigrún Skarphéðinsdóttir, afgreiðslustjóri Íslandspósts á Húsavík.

Jónasína er fædd á Húsavík 10. júní 1942 og þar hefur hún átt heima síðan. Hún gekk í barna- og gagnfræðaskóla Húsavíkur og eftir að skóla lauk hefur hún tekið ýmis námskeið. Þegar hún var 16 ára réð hún sig sem ráðskona á vertíðarbat í Keflavík. Útgerðarmaðurinn, sem réð hana á bátinn, hélt að þar sem hún væri elst í 10 systkina hópi þá hlyti hún að kunna að elda, en það var nú mesti misskilningur. Samt sem áður lifðu allir veturinn af án óhappa.

Árið 1975 hóf Jónasína störf hjá Póst- og símamálastofnun, nú Íslandspósti á Húsavík, og hefur hún unnið þar síðan.

## Starfsferill:

Jónasína, sem í daglegu tali er kölluð Ína, byrjaði sem talsímavörður og vann svo sem ritsímaritari um fjögurra ára skeið. Síðan starfaði hún sem póstafræðslumaður en eftir að yngsta barnið fæddist þá vann hún sem talsímavörður í næturvinnu um tíma. Á árunum 1985-2001 var hún fulltrúi uns hún tók við afgreiðslustjórarstarfi. Hún gegndi trúnaðarmannsstöðu um nokkurra ára skeið.

Ína hafði áhuga á að fara í Póst- og símaskólann í póstnám en fékk ekki inngöngu vegna þess að á þeim árum var hún félagsmaður í Félagi íslenskra símamanna en ekki Póstmannafélagi Íslands. Með tæknibreytingu, þegar sjálfvirku símstöðvarnar komu til sögunnar, minnkuðu störf talsímavaraða að hluta og fór hún þá að vinna við póststörf og varð félagsmaður Póstmannafélags Íslands.

## Minnisstæð atvik:

Þegar hún hugsar til baka er margs að minnast. Hún hefur verið mjög heppin

að fá að vinna með góðu fólki alla tíð og ýmislegt gerst á þessum árum.

Eitt atvik er henni minnisstætt og það er þegar jarðskjálftinn gekk yfir Kópasker og nágrenni í janúar 1976. Þá starfaði hún sem ritsímaritari. Ekki náðist símasamband við símstöðina á Kópaskeri eftir jarðskjálftann en enginn vissi hversu miklar skemmdir hefðu orðið þar. Þegar búið var að reyna í einhvern tíma að ná símasambandi var reynt að ná talstöðvarsambandi, en símstöðin var þá með þjónustu við báta og bíla í gegnum talstöð. Það var því mikill léttir þegar kona stöðvarstjórans á Kópaskeri svaraði loksins, hún heyrði að henni var mjög brugðið og hún sagði að allt væri á hvolfi hjá sér. Svona atvik sitja lengi í minningu fólks.

Viðskiptavinir komu oft á pósthúsið með gíróseðla til að greiða þá og stundum voru þeir ekki búnir að taka þá úr umslögunum. Þeir réttu bara gjaldkeranum þau, sem reif umslögin upp svo hægt væri að vita upphæð gíróseðlanna. Eitt sinn kom maður á pósthúsið á Húsavík með umslag og rétti gjaldkeranum það. Gjaldkerinn reif umslagid upp og horfði svo smá stund á innihaldið en stundi síðan upp: „Hvað á ég að gera við þetta?“. Maðurinn sagði: „Ja, þetta er nú bara bréf sem ég ætlaði að póstleggja“. Viðskiptavinurinn tók þessu vel, sá skemmtilegu hliðina á atvikinu og hafði gaman af. Bréfið var að lokum sent áfram til viðtakanda.

## Fjölskylda:

Ína er gift Garðari Þórðarsyni og eiga þau þrjár dætur og sjö barnabörn. Ein dóttirin býr í Þýskalandi en tvær í Noregi.

## Áhugamál:

Áhugamál hennar eru að heimsækja dæturnar og fjölskyldur þeirra til útlanda eða að fá þau öll í heimsókn til Íslands. Ein dóttir hennar er kennari í Noregi og fyrir skömmu kom hún með hóp nemenda ásamt skólustjóra og 14 foreldrum til Húsavíkur. Ína gaf þeim dýrindissúpu og birtist uppskriftin að henni hér að neðan.

Ína er í bridgeklúbbi og spilar hún helst í hverri viku og einnig hefur hún starfað í Kvenfélagi Húsavíkur undanfarin 40 ár.

## Mataruppskriftin

### Góð fiskisúpa

350 gr.	lax
350 gr.	lúða
1 stk.	laukur
1 stk.	þúrrulaukur
4-5 stk.	sellerí
4 meðalstórar	gulrætur
1 stk.	lárviðarlauf
1 tsk.	timian krydd
1 tsk.	majoram (Meriam)
1 tsk.	steinselja
1 msk.	ólífuolía
1½ líter	kjúklingasoð
2-3 msk.	tómatpurre
300 gr.	rjómaostur
1-2 dl.	rjómi
Salt og pipar eftir smekk	

Grænmetið sneitt, steikt í olíunni og kryddað. Kjúklingasoði hellt yfir og soðið í 10 mín, með tómatkraftinum. Rjómaostur settur út í og hitað í 5 mínútur. Rjóma bætt í og síðan fiskinum í gúllasbitastærð, slökkt undir og haft á hellunni ca 4-5 mín.



Frá eftirlaunadeild:

## Þakkir til PFÍ og Íslandspósts

Í boði Póstmannafélags Íslands er á hverju ári farin sumarferð eftirlaunadeildar PFÍ. Þetta eru dagsferðir, vel skipulagðar og alltaf góðir leiðsögumenn með í för. Það er okkur mikils virði að hittast, rifja upp gamlar og góðar samverustundir og njóta þess að aka um landið okkar fagra. Veðrið er auðvitað misjafnt enda alltaf erfitt að stýra því en í minningunni eru þetta alltaf sólskinsferðir. Ferðunum lýkur alltaf með glæsilegum kvöldverði í boði



*Fyrirum starfsmenn Póstgíró, fyrir utan þuríðarbúð á Eyrarbakka.*

Íslandspósts. Stjórn PFÍ sýnir ávallt mikla velvild í garð okkar eftirlaunabega. Á öllum okkar samkomum er boðið upp á veitingar og einnig verðlaun þegar við spilum félagsvist. Þessar línur eru skrifaðar til að koma á fram

færi innilegu þakklæti okkar, bæði til Íslandspósts og Póstmannafélagsins. Hafið öll heila þökk

*Fyrir hönd stjórnar eftirlaunadeildar  
Póstmannafélags Íslands,  
Þóra Karitas Árnadóttir formaður.*

## JÓLAKROSSGÁTA PÓSTMANNABLAÐSINS

Höfundur: Dolly Nielsen

Hægt er að senda inn lausnir og verður dregið úr réttum lausnum hinn 31. janúar 2004. Sigurvegarinn fær að launum helgardvöl í annarri hvorri orlofsíbúð Póstmannafélagsins á tímabilinu frá lokum janúar til 17. maí.



## Spurt og svarað

# Hvernig á að reikna út veikindadagana?

Réttur félagsmanna til launa í veikindum er samkvæmt kjarasamningi og eykst með auknum starfsaldri. Þeir félagsmenn sem voru fastráðnir fyrir rekstrarformsbreytingu fyrirtækisins ávinna sér veikindarétt skv. reglugerð sem þá var í gildi. Veikindadagar eru taldir eins hjá öllum án tillits til ráðningarforms. Í hverju veikindatílfelli og talningu þeirra daga sem starfsmaður nýtur launa í veikindum, eru taldir saman þeir dagar sem viðkomandi hefur verið fjarverandi vegna veikinda á síðastliðnum 12 mánuðum. Taldir eru allir dagar en ef til launataps kemur eru eingöngu dregin af starfsmönnum laun fyrir þá daga sem viðkomandi hefði verið í starfi, ef ekki hefði komið til veikinda þ.e.a.s. virkir dagar.

Oft koma spurningar um hvaða dagar eru taldir með þegar veikindi ber uppá föstudag og/eða mánudag. Hér skulu nefnd nokkur dæmi:

- Ef starfsmaður er veikur á föstudegi: Einn veikindadagur
- Ef starfsmaður er veikur mánudag til fimmtudags: Fjórir dagar
- Ef starfsmaður er veikur föstudag og mánudag: Fjórir dagar - helgin líka

- Ef starfsmaður er veikur á föstudegi: Einn dagur
- Ef starfsmaður er veikur miðvikudag til föstudags: Þrír dagar
- Ef starfsmaður er veikur fimmtudag og föstudag: Tveir dagar.

Allir starfsmenn eiga rétt til dagvinnulauna í allt að þrjá mánuði vegna vinnu- eða atvinnusjúkdómatilfella sem orsakast við vinnuna eða af henni. Minnt er á þá reglu að tilkynna skal veikindi bæði til Heilsuverndar og til yfirmanns á vinnustað. Einnig skal minnt á að þeir sem verða fyrir launatapi í veikindum geta sótt um bætur vegna þess til Sjúkrasjóðs Póstmannafélagsins. Sjá reglur í Handbók póstmanna á bls 71.

Umsóknareyðublað sjúkrasjóðsins fást hjá trúnaðamönnum og á skrifstofu félagsins á Grettisgötu 89. Þau skulu fyllt út og send til skrifstofunnar ásamt læknisvottorði. Stjórn sjúkrasjóðs fjallar um umsóknir einu sinni í mánuði og skal skila umsóknum fyrir 20. hvers mánaðar svo hægt sé að afgreiða þær um næstu mánaðamót á eftir.

## Gjallarhornið



## Starfsmenn eiga rétt á 11 tíma hvíld

Enn og aftur minnir Póstmannafélagið félagsmenn á grein 2.6 í kjarasamningi um hvíldartíma en þar segir: „Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins 23:00 til 06:00. Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst. Einnig er minnt á að það er líka í höndum hvers starfsmanns að gæta að því að eftir þessum reglum sé farið og minna sína yfirmenn á ef álag er að verða of mikið og skipulag vinnutíma brýtur gegn áðurnefndum reglum.“

## Vasadagbók Póstmannafélagsins

Póstmannafélagið mun gefa út vasadagbók sem væntanlega verður send öllum félagsmönnum í desember. Vasadagbókin er með svipuðu sniði og sú sem gefin var út fyrir árið 2001, inniheldur dagatal fyrir árið 2004 og ýmsar þarfir upplýsingar fyrir félagsmenn, t.d. um réttindi félagsmanna og uppbyggingu félagsins. Vasadagbók þessi er í handhægu broti og er auðvelt að hafa hana með sér hvert sem er og hvenær sem er. Vasadagbókin kemur ekki í stað Handbókar póstmanna sem hefur að geyma ýtarlegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru hverjum félagsmanni.

## Sérstakir frídagar og stórhátíðardagar

Falli frídagur vaktavinnumanns skv. varðskrá (vaktáoætlun) á sérstakan frídag eða stórhátíðardag frá mánudegi til föstudags skal hann bættur með öðrum frídegi eða greiðslu 8 stunda í yfirvinnu. Ef vaktavinnu menn óska ekki sérstaklega að fá þetta bætt með öðrum frídegi fá þeir sjálfkrafa 8 stundir í yfirvinnu. Vaktavinnu maður sem á vakt á frídegi en þarf ekki að vinna, fær, eins og dagvinnu maður, föst laun fyrir viðkomandi dag eða daga en fær ekki greitt vaktarálag.

# Póstmannafélagið 85 ára

Þann 26. mars næstkomandi verða liðin 85 ár frá stofnun Póstmannafélags Íslands. Þeirra tímamóta mun verða minnst á margvíslegan hátt. Meðal annars er stefnt að því að Póstmannablaðið komi út um svipað leyti og verði helgað merkingu atburðum úr sögu félagsins. Áhugi er fyrir því að rifja upp þau tímamót þegar konur komu inn í bréfberastéttina sem mun hafa verið árið 1965 með stofnun Póstfreyjufélagsins og baráttu bréfbera fyrir því að fá að gerast félagar í Póstmannafélaginu, en það var ekki fyrr en 1974 sem það var samþykkt og þá með trega.



Hér með eru allir þeir, sem geta veitt upplýsingar um þennan tíma og þá atburði sem um ræðir, beðnir að aðstoða ritstjórn Póstmannablaðsins við að gera þessa frásögn sem besta úr garði.



## Stofnun PFÍ árið 1919

Hinn 26. mars 1919 héldu póstmennirnir í Reykjavík fund með sér í pósthúsinu. Hafði daginn áður verið haldinn fundur „landsstarfsmanna“ í Reykjavík. Á þeim fundi var kosin nefnd manna til að koma á „allsherjarfélagsskap“ meðal allra starfsmanna landsins. Að tilhlutan þessarar nefndar var póstmannafundurinn haldinn. Var þar samþykkt að stofna póstmannafélag til þess að bæta hag póstmanna og gæta hagsmuna þeirra.

Í stjórn þess voru kosnir Ole P. Blöndal, Páll Steingrímsson og Þorleifur Jónsson. Var þeim falið að semja frumvarp til laga fyrir félagið.

Hinn 5. apríl er svo haldinn fyrsti fundur Póstmannafélagsins og voru allir póstmenn í Reykjavík viðstaddir á þeim fundi auk póstafgreiðslumanns á Ísafirði. Stjórnin lagði fram frumvarp til laga fyrir félagið og „var það samþykkt með nokkrum breytingum“.

12. maí átti stjórn félagsins með sér fund í pósthúsinu, aðallega til að skipta með sér verkum. Sú verkaskipting varð þannig að Þorleifur tók að sér að vera



Póstlest að leggja af stað frá Hlemmi í Reykjavík við upphaf aldarinnar. .

formaður, Ole gjaldkeri og Páll ritari.

13. maí héldu félagsmenn fund í pósthúsinu til að velja fulltrúa í „allsherjarsamband“ ríkisstarfsmanna. Voru allir mættir úr Reykjavík að einum undanteknum og auk þeirra póstafgreiðslumaðurinn í Stykkishólmi. lét formaður félagsins þess getið að honum hefði borist tilmæli frá „förgöngumönnum allsherjarfélagskaparins“ um að póstmenn kysu sér 5 fulltrúa. Var það samþykkt og kosnir voru 5 menn, hin nýja stórn Póstmannafélagsins og með þeim þeir Friðrik Klemensson og Daníel Kristinsson.

3. júní halda fulltrúar „allsherjarsambands ríkisstarfsmanna“ fund með sér í pósthúsinu til þess að ræða um „Frumvarp til laga“ fyrir samband starfsmanna ríkisins, er þar til kjörnir fulltrúar í laganevnd höfðu samið. Varð nokkur ágreiningur um það, hvernig væntanleg framkvæmdastjórn allsherjarsambandsins yrði skipuð, en lagafrumvarpið gerði ráð fyrir einum fulltrúa frá hverri félagsdeild innan sambandsins. Eftir nokkurt þref, þar sem sitt sýndist hverjum, voru ákvæði frumvarpsins samþykkt.

*Framhald í næsta blaði.*

## „Kæri jólasveinn“

Eins og við þekkjum eru um það skiptar skoðanir hvar jólasveinninn á heima og hafa margar þjóðir viljað eigna sér karlinn þann. Öll þekkjum við sögurnar um þá íslensku sem búa með foreldrum sínum uppi í fjöllum og koma til byggða í ákveðinni röð í desember.

Á hverju ári berast til Íslands bréf til jólasveinsins frá börnum í útlöndum sem trúá því að jólasveinninn búi hér á landi. Þau þekja væntanlega ekki þennan rammíslenska enda ávarpa þau hann jafnan sem Santa Claus. Bréf þessi koma að sjálfsögðu öll fyrst í Póstmiðstöð þaðan sem þeim er svarað eftir bestu getu en einnig hefur bréfum þessum verið svarað af fyrirtæki sem heitir Norðurpóllinn.

Undirrituð minnst þess, þegar hún var nemandi í Héraðsskólanum að Reykjum í Hrutafirði á síðustu öld, að eitt af þeim verkefnum sem enskukennarinn, Ragnar Þorsteinsson lagði fyrir nemendur í desember, var að svara bréfum sem börn í enskumælandi löndum sendu Santa Claus á Íslandi. Að sjálfsögðu var þetta liður í að æfa nemendur í enskum bréfskriftum en gerði námið líka fjölbreyttara.

Með því að svara þessum bréfum tókum við þátt í landkyrningu og leggjum okkar lóð á vogarskálarnar til að staðfesta það að jólasveinninn búi hér á Íslandi en ekki á Grænlandi, Norðurpóllnum eða í Finnlandi sem auðvitað er hin mesta firra!

Þuríður Einarsdóttir

